



## Saraswati

Saraswati er gyðja þekkingar og lista. Viska hennar er sögð flæða eins og fljótið og fleyta burt fáfræði og myrkri. Hún á að vera höfundur sanskrít, tungumálsins sem helgirit hindúa, Vedurnar, voru skrifaðar á. Saraswati afneitar hinu veraldlega og sem tákni um hreinleika hennar og tengingu við hið andlega klæðist hún hvítum íburðarlitlum fötum og notar hvorki líkamsmálningu né skartgrip. Hún er með fjóra handleggja og á myndum er hún yfirleitt sýnd sitjandi á hvítum lótus þar sem hún heldur á:



Þegar talað er um **hið veraldlega** er oftast átt við jarðneska hluti sem hægt er að vera án s.s. íburðarmikinn fatnað, ríkulegt húsnæði o.s.frv.

**Hugleiðsla** er aðferð sem notuð er til að styrkja hugann og slaka á. Við hugleiðslu aftengir fólk sig frá umhverfi sínu og beinir íhuguninni inn á við. Ef um trúarlega íhugun er að ræða beinist hún gjarnan að að tilteknum trúarlegum sannindum og inntaki helgirit.

- bók, sem táknar þekkingu hennar á vísindum og Vedunum
- hljóðfæri, sem táknar meistaralega hæfileika hennar á sviði allra lista
- potti með helgu vatni, sem táknar sköpunar- og hreinsunarkraft hennar
- bænabandi, sem táknar styrkinn sem fæst með hugleiðslu

## Spurningar

1. Hvernig gyðja er Saraswati?
2. Hvernig heldur þú að heimurinn væri án þeirra eiginleika sem Saraswati er sögð stjórna?
3. Hvað merkir að afneita hinu veraldlega? Nefndu nokkra hluti sem algengt er að fólk á Íslandi eigi eða geri sem hægt er að flokka sem óþarfa?
4. Teiknaðu mynd af Saraswati eins og henni er lýst.